

AUGLÝSING

um afnám vegabréfsáritana.

65

25. maí

Með orðsendingum sendiherra Íslands og sendiherra Írlands í London, dags. 19 og 20. maí 1949, munu vegabréfsáritanir vegna ferðalaga milli Íslands og Írlands verða felldar niður frá 1. júní 1949 að telja.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanrikisráðuneytið, 25. maí 1949.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu alþjóðasamnings varðandi loftflutninga milli landa.

66

30. maí

Hinn 21. ágúst 1948 tilkynnti sendiherra Íslands í Póllandi utanrikisráðuneyti Póllands í umboði forseta Íslands, að Ísland óskaði eftir að gerast aðili að alþjóðasamningi þeim um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, er undirritaður var í Varsjá hinn 29. október 1929. Samkvæmt 38. gr. samningsins telst aðild Íslands frá og með 21. nóvember 1948.

Auk Íslands eru þessi ríki aðilar að Varsjársamningnum: Ástralía, Bandaríki Ameríku, Belgía, Brazílía, Bretland, Canada, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Júgóslavía, Lettland, Líbería, Liechtenstein, Mexíko, Noregur, Nýja-Sjáland, Pólland, Rúmenía, Sovétríkin, Spánn, Suður-Afrika, Sviss, Svíþjóð, Tékkóslóvakía, Ungverjaland og Þýzkaland.

Texti samningsins er birtur sem fylgiskjal með lögum nr. 41/1949.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanrikisráðuneytið, 30. maí 1949.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

AUGLÝSING

um viðbótarsamning milli Íslands og Póllands.

67

31. maí

Hinn 7. apríl 1949 var undirritaður í Varsjá viðbótarsamningur við pólsk-íslenska viðskiptasamninginn frá 14. júní 1948. Viðbótarsamningur þessi gildir til ársloka 1949.

Samkvæmt samningi þessum selja Íslendingar Pólverjum meðal annars 650 smálestir af gærum, 20000 tunnur af saltsild, en kaupa í staðinn 60000 smálestir

67 af kolum, 600 smálestir af ómöluðum rúgi, 3000 smálestir af rúgmjöli, 1000 smá-
31. maí lestir af sykri og nokkuð af járn- og stálvörum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 31. maí 1949.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

L Ö G

um bifreiðaskatt o. fl.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Að vér höfum samkvæmt 7. gr. laga, dagsettra í dag, um breyting
á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl., höfum látið fella megin-
mál þeirra og 3. gr. laga nr. 34 1933 inn í lög nr. 84 1932 og gefum þau út
svo breytt:

1. gr.

- Greiða skal sérstakt innflutningsgjald og skatt af bifreiðum, sem hér segir:
- af benzíni 31 eyri innflutningsgjald af hverjum lítra, og tekur gjald þetta
einnig til benzinbirgða innflytjenda, sem til eru í landinu, þá er lög þessi ganga
í gildi, og sömuleiðis til birgða einstakra manna eða félaga, en undanþegnir
hækkun þessari skulu þó vera 300 lítrar hjá hverjum eiganda;
 - af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar 3 — þrjár — krónur í innflutn-
ingsgjald af hverju kg;
 - af bifreiðum, sem aðallega eru gerðar til fólksflutninga, 36 — þrjátíu og sex —
krónur á ári af hverjum fullum 100 kg þunga þeirra;
 - af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzin, 90 — níutíu — krónur í
þungaskatt árlega af hverjum fullum 100 kg af þunga þeirra.
Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr;
 - af bifhjólum 60 — sextíu — krónur árlega af hverju hjóli.
Undanþegnar gjaldi samkvæmt c- og d-liðum eru skólabifreiðar.

2. gr.

Undanþegnar skatti samkvæmt 1. gr. c- og d-lið eru bifreiðar erlendra sendi-
sveita og erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenskir ríkisborgarar. Enn fremur
eru undanþegnir þessum skatti vagnar, sem renna á spori eða eru notaðir eingöngu
af slökkviliði eða til sjúkraflutninga, eða til aksturs á snjó.

Eigendur jeepbifreiða eigi rétt á endurgreiðslu skatts samkvæmt c-lið 1. gr.,
ef þeir sanna með vottorðum frá hlutaðeigandi skattanefndum, að bifreiðarnar hafi
verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við framleiðslu og jarðyrkju-
störf.

3. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skilgreiningu á
benzíni, um hvernig skuli reikna gjaldið af benzíni, svo og önnur atriði, er þurfa
þykir vegna innheimtu innflutningsgjalds og skatts samkv. 1. gr.